



GARÐUR

Garði, 4. desember 2014
1411019 MS

00.08.05

Alþingi
Nefndasvið
Allsherjar-og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um 78. mál, þál. Um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Á 220. fundi bæjarráðs Garðs þann 4. desember 2014 var framangreint mál til umfjöllunar. Eftirfarandi er bókað í fundargerð bæjarráðs, sem umsögn um þingmálið:

Bæjarráð Garðs fagnar tillögunni og hvetur Alþingi til þess að samþykkja hana. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu á að innanríkisráðherra vinni fljótt og vel að framgangi málsins. Bæjarráð Garðs telur að starfsemi Landhelgisgæslunnar verði vel fyrir komið í Reykjanesbæ og að Landhelgisgæslan muni búa við mjög góða starfsaðstöðu á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar, þar sem Landhelgisgæslan hefur nú þegar nokkra starfsemi. Þá er fyrir hendi hafnaraðstaða fyrir varðskipaflota Landhelgisgæslunnar í Reykjanesbæ.

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,



Garður

Magnús Stefánsson
Bæjastjóri Garðs